



Hvaleyrarskóli, 18. mars 2014

## Fimm ára börn í Hvaleyrarskóla

### Minnisblað með hugmyndum að áherslubreytingum fyrir skólaárið 2014-2015.

Markmiðið með því að starfrækja fimm ára deild/fimm ára bekk í Hvaleyrarskóla er að bjóða foreldrum fimm ára barna upp á valkost sem er ólíkur öðrum valkostum í sveitarfélaginu.

Við viljum leggja áherslu á að bjóða nemendum upp á fjölbreytt starf í örvandi námsumhverfi. Við vinnum með nemendum sem eru á mörkum leik- og grunnskóla og höfum því tækifæri til þess að brúa bilið milli skólastiganna, með því að bjóða upp á blandað námsframboð sem byggir á áherslum beggja námskráa, þ.e. aðalnámskrá leikskóla og aðalnámskrá grunnskóla.

Grunnþættir menntunar eru þeir sömu í aðalnámskrá grunn- og leikskóla og eiga þeir að fléttast inn í allt nám nemenda óháð viðfangsefnum og aldri.

Tekið er mið af því meginsjónarmiði að leikur er þungamiðja leikskólastarfsins. Leikurinn er því meginnámsleið 5 ára barnanna. Með því að nýta okkur sérþekkingu kennara og þá sérhæfðu aðstöðu sem skólinn hefur fyrir verk- og listgreinar getum við boðið 5 ára nemendum okkar upp á fjölbreytta og ögrandi námsreynslu. Við höfum það ennfremur að markmiði að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir í sínum þroska og bjóða upp á einstaklingsmiðað nám á forsendum hvers og eins.

### Fimm ára bekkurinn sem hluti af grunnskólanum:

- Skólasetning og skólaslit á sama tíma og hjá öðrum bekkjum grunnskólans.
- Stundaskrá frá kl. 8.20-13.20 þar sem m.a. er boðið upp á nám í dansi, tónlist, textíl, myndlist, heimilisfræði, íþróttum og sundi. Leitast verður við að samþætta nám í læsi, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem tekið er mið af þeirri reynslu sem börnin koma með sér í skólann.
- Lögð er áhersla á markvissa málörvun, heilsuefningu, sköpun og listir.
- Fimm ára bekkurinn er hluti af yngstu deild skólans. Nemendur 5 ára bekkjarins taka þátt í öllum reglulegum viðburðum í skólanum, s.s. samverum, skólaskemmtunum og þemadögum.


**Hvaða þjónustu er boðið upp á sérstaklega fyrir 5 ára börnin umfram aðra nemendur skólans?**

- Boðið verður upp á lengda viðveru í *Holtaskjóli*, eingöngu 5 ára börn, frá kl. 7.30-8.20. Morgunmatur er inni í þeirri viðveru. Einnig boðið upp á lengda viðveru frá kl. 13.20 fyrir þá sem það kjósa (dæmi: 5, 10, 15 eða 20 tíma á viku). Holtaskjól er lengd viðvera sem er eingöngu fyrir 5 ára börnin og skólinn sér um.
- Hægt er að kaupa aukatíma þá daga sem skólinn er ekki starfandi, jólafrí, páskafrí, sumarfrí, skertir skóladagar.

**Starfsfólk**

- Sérstakur deildarstjóri mun áfram stýra og hafa daglega umsjón með starfi bekkjarins. Vinnutími deildarstjóra verður frá 8.20-16.20 eða frá 8.00-16.00.
- Kennarar í verk- og listgreinum koma að kennslu í bekknum í samtals 10 kest. á viku.
- Fjöldi annarra starfsmanna fer eftir fjölda nemenda.

Virðingarfyllt,

  
\_\_\_\_\_  
Helgi Arnarson skólastjóri

